

Nr. 21.

250

3. október 1973.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Hinn 3. október 1973 var í Reykjavík skipst á fullgildingarskjölum vegna samnings milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir. Samkvæmt ákvæðum 29. gr. samningsins gengur hann því formlega í gildi hinn 2. nóvember 1973.

Samningur þessi var undirritaður í Bonn hinn 18. mars 1971, og er hann birtur í C-deild Stjórnartíðinda 1971 nr. 13.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. október 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 22.

29. október 1973.

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

Með skírskotun til auglýsingar nr. 7/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 24. september 1973 gengu í gildi breytingar þær á 61. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem um var fjallað í ofangreindri auglýsingu.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. október 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 23.

29. október 1973.

AUGLÝSING

um bókun um breytingu á samningi milli Íslands og Danmerkur um að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Hinn 13. september 1973 var undirrituð í Kaupmannahöfn bókun um breytingu á samningi milli Íslands og Danmerkur um að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir. Forseti Íslands staðfesti bókun þessa hinn 28. september 1973. Gildistaka bókunarinnar er miðuð við hinn 23. október 1973 skv. 1. mgr. 2. gr. hennar.

Bókunin er hirt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. október 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.